

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 20. júní 2022  
UST202203-326/Þ.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Mývatn - salernishús við aðkomusvæði Höfða**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Skútustaðahrepps, dagsett 25. mars 2022, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til byggingar 60 m<sup>3</sup> salernishús á bílastæðinu við Höfða. Framkvæmd fer fram á áður röskuðu svæði. Húsið er byggt úr timbureiningum sem er raðað saman og eru því flytjanlegar eftir að þeirra er ekki lengur þörf. Salernishúsið verður klætt lerki og þakið klætt hrauni svo það falli betur inn í umhverfið og hafi minni áhrif á ásýnd umhverfisins. Teikningar af húsinu og afstöðumynd fylgdi með umsókn. Notast verður við lokað fráveitukerfi og notkun rotþróar hætt sem takmarkar losun næringarefna til Mývatns. Framkvæmdin er samkvæmt deiliskipulagi. Að verkinu koma 2 menn og er framkvæmdartími áætlaður frá 1. apríl til 30. maí 2022.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr.665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn þann 25. mars 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn barst þann 28. mars 2022. Í umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar kemur fram að Náttúrurannsóknarstöðin gerir ekki athugasemd við byggingu salernishúss á bílastæðinu við Höfða. Það er mikilvægt atriði, að gert er ráð fyrir lokuðu kerfi, enda er staðsetning á viðkvæmu lindarsvæði. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 7. apríl 2022. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við að salernishúsið sé byggt enda veldur bygging þess ekki raski á náttúru. Nauðsynlegt er að kvöðum um fráveitu verði fylgt og að hönnun hússins falli vel að umhverfinu eins og stefnt er að.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur framkvæmdinna ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Skútustaðarhrepp fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu salernishúsins innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan á frá dagsetningu þessa bréfs til 30. júní 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Uppsetning á fráveitukerfi fari fram í samræmi við reglugerð nri 798/1999 um fráveitur og skólp.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir  
*teymisstjóri*

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*svæðissérfræðingur*